



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2022
2112227/0.4.1

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á nýgengi krabbameina á Suðurnesjum, mál 138.

Embætti landlæknis þakkar tækifæri til þess að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á nýgengi krabbameina á Suðurnesjum.

Umræða um nýgengi krabbameina á Suðurnesjum og hugsanleg tengsl við umhverfismengun í þessum landshluta hefur öðru hvoru skotið upp kollinum. Þannig var t.d. lögð fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra á 126. löggjafarþingi 2000-2001 sem hljóðaði svo: „*Hvert hefur verið nýgengi krabbameins á Suðurnesjum undanfarna áratugi samanborið við aðra landshluta?*“ Í [svari](#) við þeirri fyrirspurn var sagt að ekki væri hægt að fullyrða að fleiri greinist með krabbamein á Suðurnesjunum en í öðrum landshlutum, en þó væri tilhneiging hjá konum í þá veru og átti það sérstaklega við um lungnakrabbamein. Í júní 2017 birti krabbameinsskrá [úttekt](#) sína á nýgengi krabbameina í Reykjanesbæ í tengslum við fyrirspurnir undangenginna ára. Athugun þeirra á nýgengi krabbameina eftir búsetu við greiningu sýndi svipað mynstur í Reykjanesbæ og á landinu öllu. Nýgengi krabbameins í lungum var þó marktækt hærra í Reykjanesbæ en á landinu öllu, sem sennilegt þótti að orsakaðist af hárrí tíðni reykinga í Reykjanesbæ, en 85% lungnakrabbameina orsakast af reykingum. Einnig var talið líklegt að hækkuð tíðni leghálskrabbameins tengist lágri mætingatíðni í skimun. Hins vegar væri ekki hægt að útiloka að aðrar orsakir skýrðu einhvern hluta af hækkuðu nýgengi þessara tveggja gerða krabbameina.

Embætti landlæknis hefur gefið út lýðheilsuvísa eftir búsetusvæðum, þ.e. heilbrigðisumdæmunum sjö, síðan 2016. Þar hefur ítrekað komið fram Suðurnes standa verr að vígi en önnur umdæmi, eða meðaltal landsins, í mörgum af þeim lýðheilsuvísium sem embættið hefur skoðað. Það á bæði við um lýðheilsuvísa sem tengjast sjúkdómum, svo sem nýgengi tiltekinna krabbameina, dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma, hlutfall ótímabærra dauðsfalla vegna langvinnra sjúkdóma og sjúkrahúslegur vegna langvinnra lungnasjúkdóma og vísa um notkun heilbrigðisþjónustu, t.d. mætingarhlutfall í skimanir fyrir krabbameinum. Þá hafa tilteknir lífnaðarhættir svo sem [reykingar](#), lítil ávaxta- og grænmetisneysla og lítil hreyfing verið algengari á Suðurnesjum borið saman við tölur fyrir allt landið. Sjá má jákvæðar breytingar á ýmsum lífnaðarháttum frá því að byrjað var að gefa út lýðheilsuvísa sem væntanlega skilar sér í breyttri sjúkdóma- og dánartíðni þegar fram líða stundir. Auk þess hefur hröð íbúafjölgun, hátt hlutfall íbúa af erlendum uppruna, tiltölulega hátt hlutfall íbúa sem glímur við fjárhagserfiðleika o.fl. samfélagslegir þættir reynst þessum byggðalögum áskorun, þ.á.m. heilbrigðisþjónustu.


Að framsögðu er nærtækasta skýringin að aukin tíðni tiltekinna krabbameina á Suðurnesjum tengist lifnaðarháttum á borð við reykingar og ýmsum samfélagslegum þáttum þó ekki sé hægt að útiloka tengsl við mengun á svæðinu út frá fyrirbyggjandi gögnum og rannsóknum. Þannig má færa rök fyrir því að mikilvægt sé að rannsaka það betur og svara þeirri spurningu með ákveðnari hætti.

Heilsa og líðan er afurð af samspili einstaklinga og þeirra nánasta umhverfis og aðstæðna. Embætti landlæknis bendir því á mikilvægi þess að rannsókn á nýgengi krabbameina á Suðurnesjum verði unnin í samvinnu ólíkra fræðigreina, m.a. innan lýðheilsu- og umhverfisvísinda. Í slíkri rannsókn er mikilvægt leitast við að svara þeirri spurningu hvaða þættir tengjast aukinni tíðni tiltekinna krabbameina og hver staða þeirra er þannig að samfélögin á Suðurnesjum og viðeigandi stofnanir samfélagsins geti unnið markvisst að úrbótum byggt á niðurstöðunum.

Þá telur embættið almennt mikilvægt að greina heilsu, líðan og áhrifaþætti heilsu og líðanar eftir búsetusvæðum til leiðbeiningar fyrir heilsueflandi starf líkt og gert er með útgáfu lýðheilsuvísa en efla þarf vísindarannsóknir á þessu sviði m.a. með því að setja fjármagn í uppbyggingu heilbrigðisvísindasjóðs í samræmi við heilbrigðisstefnu til 2030.

Virðingarfyllst,

f.h. embættis landlæknis


Sigríður Haraldsd. Elínardóttir
sviðsstjóri heilbrigðisupplýsinga



Velferðarnefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. janúar 2022

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á nýgengi krabbameina á Suðurnesjum, 138. mál.

Rannsókn- og skráningarsetur Krabbameinsfélags Íslands (RSKÍ) fær reglulega fyrirspurnir víðs vegar að af landinu vegna óvenju margra krabbameinstilvika á ákveðnum landsvæðum á stuttum tíma. Venjulega skýrist það af miklum tilviljanasveiflum hjá okkar fámennu þjóð. Forathugun RSKÍ bendir hins vegar til þess að ekki sé hægt að skýra hækkað nýgengi á Suðurnesjum á tímabilinu 2009-2018 með tilviljunarsveiflu einni saman.

Krabbameinsfélagið tekur því undir með flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar um mikilvægi þess að rannsakaðar verði betur þær vísbendingar sem sjást í tölum Krabbameinsskrár varðandi hækkað nýgengi á Suðurnesjum með tilliti til áhrifa hegðunartengdra áhættuþátta krabbameina og efnamengunar sem rekja má til veru Bandaríkjahers á Miðnesheiði.

Rannsóknin mun væntanlega leiða í ljós hvort um er að ræða annað en tilviljunarsveiflu. Ef svo er, geta niðurstöðurnar nýst til þess að ákvarða nauðsynlegar aðgerðir á svæðinu, hvort sem um er að ræða hegðunartengda áhrifaþætti eða efnamengun.

RSKÍ hefur þegar hafist handa við slíka rannsókn. Um er að ræða nokkuð umfangsmikið verkefni sem krefst sérstakrar þekkingar á krabbameinsvaldandi efnamengun til viðbótar við kunnáttu og reynslu RSKÍ á sviði faraldsfræði krabbameina. Því telur RSKÍ mikilvægt að fá til ráðgjafar alþjóðlega virtan sérfræðing á sviði krabbameinsvaldandi efnamengunar, Dr. Kurt Straif. Hann starfaði hjá *Alþjóða krabbameinsrannsóknarstofnuninni (IARC, WHO)* í Lyon, Frakklandi, í 20 ár og stýrði m.a. ritröð stofnunarinnar (IARC Monographs) þar sem hugsanlegir áhættuþættir krabbameina eru metnir á vísindalegan hátt. Dr. Kurt Straif vinnur nú að vísindarannsóknum hjá *Institute for Global Health (ISGlobal)* í Barselóna og er gestaprófessor og aðstoðarforstjóri hjá *Global Observatory on Pollution við Boston College*. Aðkoma Dr. Straif getur ekki orðið fyrr en í ágúst 2022.

Krabbameinsfélagið er tilbúið til að gera samning við heilbrigðisráðuneytið um **Rannsókn á nýgengi krabbameina á Suðurnesjum í samanburði við aðra staði á landinu ásamt mati á áhrifum hegðunartengdra áhættuþátta krabbameina og efnamengunar sem rekja má til veru Bandaríkjahers á Miðnesheiði.**

Verkefnið verður eins og lýst er í ofanskráðri tillögu til þingsályktunar, en þó með þeirri breytingu að stefnt verði að því að skila skýrslunni um áramótin 2022/2023 en ekki í júní 2022. Það orsakast meðal annars af þátttöku Dr. Straif í verkefninu.

Laufey Tryggvadóttir
forstöðumaður RSKÍ

Halla Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri
Krabbameinsfélags Íslands

6.2.2022

Umsögn Samtaka hernaðarandstæðinga um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á nýgengi krabbameina á Suðurnesjum. Þingskjal 140 — 138. mál., á 152. löggjafarþing 2021–2022.

Umræða um heilsuspillandi mengun á Suðurnesjum vegna hernaðarumsvifa, meðal annars á vatnsbólum, á sér langa sögu. Einstaklingar tengdir Samtökum hernaðarandstæðinga (þá: Samtökum herstöðvaandstæðinga) hafa velt upp þessum ógnum allt frá áttunda áratugnum. Má þar nefna umhverfisfræðinginn Einar Val Ingimundarson.

Árin 1992 og 1997 birtust afar veigamiklar úttektir á mengunarmálum herstöðvasvæðisins í Dagfara, tímarit Samtaka herstöðvaandstæðinga. Þær vöktu nokkra athygli stærri fjölmiðla, en voru þó að mestu leyti þaggðar í hel enda var umræða um þetta viðkvæma mál talin rugga bátnum þegar kom að deilunum um veru erlends hers á Miðnesheiði.

Skýrar vísbendingar eru fyrir hendi um skaðvænleg áhrif mengunar á herstöðvasvæðinu. Á liðnum árum hafa hernaðarandstæðingar víða um lönd vakið athygli á heilsufarsvandamálum, einkum og sér í lagi nýgengi krabbameins, í námunda við bandarískar herstöðvar í Evrópu, Bandaríkjunum og víðar. Hafa Samtök hernaðarandstæðinga verið í sambandi við félagasamtök sem láta sig þessi málefni varða.

Það er fagnaðarefni að loks eigi að rjúfa þögnina um þetta mikilvæga mál. Samtök hernaðarandstæðinga styðja framkomna þingsályktunartillögu en leggja jafnframt til að hún verði útvíkkuð enn frekar á þann hátt að ekki verði einungis yfirfarnar fyrirbyggjandi skýrslur frá Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf, heldur verði rannsóknaraðilum falið víðtækara hlutverk sem feli m.a. Í sér nákvæmar athuganir á grunnvatni og jarðvegi auk annarra þátta sem að gagni kynnu að koma við rannsókn þessa.

Fyrir hönd miðnefndar Samtaka hernaðarandstæðinga:

Guttormur Þorsteinsson, formaður.